

Borgarráð 11. janúar 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um dreifingu pappírspoka fyrir lífrænan úrgang MSS24010108

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að beina því til stjórnar Sorpu að huga sérstaklega að eldra fólki og hreyfihamlaðra sem ekki geta nálgast poka fyrir lífrænan úrgang á endurvinnslustöðvum Sorpu og finna leiðir til að koma pokunum til þeirra með öðrum hætti s.s. með því að eldri borgarar og þeir sem ekki geta nálgast pokana á Sorpu fái tækifæri til að panta pokana heim til sín eða að sorphirðufólk geti afhent þeim nýja poka t.d. á sama tíma og sorphirða á sér stað.

Greinargerð:

Sorpa fyrirhugar að hætta dreifingu pappírspoka fyrir lífrænan úrgang í matvöruverslunum. Fyrirhugað er að afhenda pokana í endurvinnslustöðvum Sorpu og Góða hirðinum. Þessi skerðing á þjónustu getur haft slæmar afleiðingar fyrir marga eldri borgara, hreyfihamlaða og þau sem ekki aka bíl eða þau sem vilja lifa bíllausum lífstíl. Flokkur fólksins leggur til að eldri borgarar og þeir sem ekki geta nálgast pokana á Sorpu fái tækifæri til að panta pokana heim til sín eða að sorphirðufólk geti afhent þeim nýja poka t.d. á sama tíma og sorphirða á sér stað. Þetta fyrirkomulag þ.e. að sorphirðufólk afhendi pappírspoka með reglulegu millibili er viðhaft í öðrum löndum.